

## 16. fundur skólanefndar kjörtímabilið 2018-2022 v/grunnskóla haldinn

21. október kl. 14.00

**MÆTT:** Elsa Ingjaldsdóttir (H), formaður, Jón Bjarnason (D og óháðir) og Unnsteinn Eggertsson (H) sem ritaði fundargerð. Einnig sátu fundinn Jóhanna Lilja Arnardóttir, skólastjóri, Halla Gunnarsdóttir, fulltrúi starfsfólks, Einar Bjarnason fulltrúi Skeiða- og Gnúpverjahrepps og Steinunn Margrét Larsen, aðstoðarskólastjóri. Fulltrúi foreldraráðs sat ekki fundinn þar sem ekki er búið að skipa hann. Einnig sat Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri, fundinn vegna dagskrárliða nr. 1 og 2. Sigurður Unnar Sigurðsson fulltrúi Skeiða- og Gnúpverjahrepps, boðaði forföll.

FUNDARSTAÐUR: HUPPUSALUR.

**Dagsskrá:**

1. Gjaldskrá mótuneytis og skólavistunar
2. Drög að fjárhagsáætlun næsta árs
3. „Fréttir“ af skólastarfi í Covid
4. Starfsáætlun 2021-2022
5. Skólanámsskrá 2021-2022
6. Til upplýsinga og ályktunar :
  - a) Skólaþing sveitarfélaga 8. nóvember

Formaður setti fund, bauð fundarfólk velkomið og óskaði eftir athugasemdum við útsent fundarboð og dagskrá. Engar athugasemdir voru gerðar og gengið var til dagskrár. Formaður óskaði eftir að fundarliðir nr. 3. til 6 yrði teknir fyrir fyrst, þar sem Jón kemur inn á fundinn kl. 14.15, og var það samþykkt.

**1. Gjaldskrá mótuneytis og skólavistunar**

Jón, sveitarstjóri, fór yfir gjaldskrá mótuneytisins fyrir árið 2022 og skólavistunarinnar, miðað er við 3% hækkun á gjaldaliðum. Málið rætt. Skólanefnd samþykkir gjaldskrána fyrir árið 2022.

**2. Drög að fjárhagsáætlun næsta árs**

Jón, sveitarstjóri, fór yfir drög að fjárhagsáætlun fyrir árið 2022 og reksturinn á yfirstandandi ári. Einstakir liðir áætlunarinnar og rekstursins ræddir. Heildarniðurstaða rekstrarins árið 2021 stefnir í að verða nálægt áætlun, en þó má gera ráð fyrir ca. 3,5% hækkun á launaliðnum. Skólanefnd samþykkir framlagða fjárhagsáætlun fyrir árið 2022.

**3. „Fréttir“ af skólastarfi í Covid**

Skólastjóri fór yfir málið. Upp komu smit í skólanum í september þar sem 7,5% nemenda smituðust. Í dag er starfsemi skólans með eðlilegum hætti. Viðbrögð við smitunum í september gengu vel, enda mikil reynsla til staðar. Aðaláherslan var lögð á að upplýsa alla sem best. Skólanefnd þakkar starfsfólki skólans fyrir góð og fagleg vinnubrögð við ástandinu.

#### **4. Starfsáætlun 2021 - 2022**

Skólastjóri fór yfir starfsáætlunina. Málið rætt. Skólanefnd samþykkir starfsáætlun Flúðaskóla fyrir skólaárið 2021 - 2022.

#### **5. Skólanámsskrá 2021- 2022.**

Skólastjóri fór yfir skólanámsskrána. Málið rætt. Skólanefnd samþykkir starfsáætlun Flúðaskóla fyrir skólaárið 2021 - 2022.

#### **6. Til upplýsinga og ályktunar :**

- b) **Skólaping sveitarfélaga 8. nóvember.** Dagskrá og áherslur þingsins lagðar fram til kynningar.

Fleira var ekki rætt. Fundi slitið kl. 14.58. Næsti fundur ákveðinn síðar.